**Ed.** **656. Frumvarp**

til laga um landhelgisvörn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórnin skal kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess. Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.